

# RÆKJUVER ehf.

STRANDGÖTU 9 - 465 BÍLDUDALUR - ICELAND - KT.500970-0499  
SKRIFSTOFA: SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - TEL: 588 7600 - Netfang: [ottar@iec.is](mailto:ottar@iec.is)

Skrifstofa Vesturbyggðar,  
Aðalstræti 75,  
450 Patreksfirði.  
Netfang: [vesturbyggð@vesturbyggð.is](mailto:vesturbyggð@vesturbyggð.is)

18. júní 2022.

## Efni: Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi Bíldudalshafnar.

Vísað er til auglýsingar Skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar um breytingu á deiliskipulagi Bíldudalshafnar, þar sem bætt er við sex nýjum lóðum, að hluta til á nýrri uppfyllingu sjávarmegin við verksmiðjuhús Rækjuvers að Strandgötu 9 (áður skráð á Strandgötu 13-15).

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við tillögu um lóðirnar Strandgata 14A og Strandgata 14B. Ennfremur við stækkun lóðarinnar Strandgötu 10-12 í átt að Strandgötu 14A. Þá er gerð athugasemd við götulagningu sjávarmegin við verksmiðjuhús Rækjuvers, sem er nánast upp við vegg hússins.

Allar þessar breytingar þrengja mjög að hvers konar starfsemi verksmiðjuhúss Rækjuvers og eru alls ónaðsynlegar. Sjávarmegin húss Rækjuvers er stórt plan, sem Rækjuver kostaði malbikun á á sínum tíma. Þar var og er nauðsynlegt athafnasvæði og þar hefur verið svæði fyrir gáma til hleðslu og losunar. Var notað þannig af Rækjuveri í meira en 35 ár.

Þröng gata nánast upp að húshlið verksmiðjuhússins er til mikils óhagræðis allri starfsemi í húsinu.

Farið er fram á, að Vesturbyggð felli niður tillögu um lóðirnar Strandgötu 14A og 14B, og ennfremur tillögu um stækkun lóðarinnar Strandgötu 10-12 í átt að verksmiðjuhúsi Rækjuvers og að lóðarmörkum Strandgötu 14A. Ennfremur verði fallið frá götulagningu nánast upp að vegg verksmiðjuhúss Rækjuvers sjávarmegin. Farið er fram á, að sjávarmegin við verksmiðjuhúsið verði a.m.k. 15-20 m. breitt athafnasvæði.

Allar þessar ofangreindu nýju lóðir koma til með að rýra mjög verðmæti verksmiðjuhúss Rækjuvers og takmarka matvælaframleiðslu og aðra starfsemi í húsinu. Askilinn er réttur til nánari athugasemda og kröfugerðar síðar, ef sveitarfálagið heldur þessum lóðatillögum til streitu.

Til athugunar er vinsamlega bent á, að miðað við nýlegar upplýsingar um brottflutning starfsemi Arnarlax innan tíðar frá Bíldudal til Patreksfjarðar, þá er alls ónaðsynlegt að skipuleggja margar nýjar iðnaðarlóðir við Bíldudalshöfn a.m.k. að sinni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rækjuvers ehf.  
Óttar Yngvason